



Fréttabréf FFA - október 2025

Núna hefur öllum skálum FFA verið lokað fyrir veturinn. Hægt er að panta gistingu í einhverjum þeirra yfir vetrartímann. Fyrirspurnum um það svarar skrifstofa FFA, sími 462 2720 milli kl. 11 og 13 virka daga eða þá að senda fyrirspurn á ffa@ffa.is

Tvö hreyfiverkefni voru á haustdögum. Núvitund í náttúrunni sem lauk 13. september og Haustfjöll sem byrjaði 13. september og lýkur 11. október.

Opið hús 2. október kl. 20 - Laxárdeilan

Benedikt Sigurðarson heldur erindi um Laxárdeiluna sem stóð yfir á árunum 1968 - 1974. Allir velkomnir.

Góðviðrisgöngur í október

Í október verður farið í ferðir eftir veðri. Hvaða ferð verður hvenær kemur inn á heimasíðu FFA á miðvikudegi. Hægt er að fylgjast með á heimasíðu FFA undir "Ferðir og viðburðir" sem er á banner síðunnar. Fólk þarf að skrá sig í ferðirnar.

Myndir úr nokkrum ferðum í september:

